

Heilsuleikskólinn Suðurvellir

Ársskýrsla 2024



Efnisyfirlit

1. Almennar upplýsingar.....	3
1.1 Leikskólinn.....	3
1.2 Viðhald	3
2. Skólastarfið	4
2.1 Starfsáætlun	4
2.2 Sérstakar áherslur, þróunar- og nýbreytnistörf	4
2.3 Hátíðir og hefðir.....	5
2.4 Sumarleyfi - jólaeyfi	7
2.5 Fundir	8
2.6 Skipulagsdagar.....	9
2.7 Mat á starfi leikskólans	10
2.8 Áætlanir	11
3. Nemendur	11
3.1 Fjöldi barna – aldur.....	11
3.2 Sérkennsla	12
3.2.1 Samráðsteymi	13
4. Starfsmenn	15
4.1 Fjöldi starfsmanna, stöðugildi og menntun	15
4.2 Starfsaldur og breytingar í starfsmannahópnum	15
4.3 Starfsmannasamtöl	16

4.4 Fáliðurnaráætlun	17
5. Foreldrasamstarf	17
5.1 Foreldrafundir	17
5.2 Foreldrafélag Suðurvalla	17
Í foreldrafélagi leikskólans haustið 2024 sátu:	18
5.3 Foreldraráð	18
Í foreldraráði leikskólans haustið 2024 sátu:	18
5.4 Foreldrasamtöl	18
5.5 Foreldrapátttaka	18
6. Upplýsingastreymi	19
7. Samstarf, ráðgjöf og fræðsla	19
7.1 Samstarfsaðilar	19
7.2 Símenntun	21
7.3 Nemar og aðrar heimsóknir	21
8. Að lokum	22

1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR

1.1 LEIKSKÓLINN

Heilsuleikskólinn Suðurvellir var í upphafi árs þriggja deilda en í ágúst var bætt við lausri skólastofu þar sem starfrækt er fjórða deildin. Börnin eru á aldrinum átján mánaða til sex ára og hefur dvalartími þeirra verið frá fjórum klst. upp í átta og hálfu klst. Leikskólinn er opinn alla virka daga frá kl. 7:30 - 16:30.

Deildirnar eru aldursskiptar, þær heita Lágibjalli, Lyngbjalli, Suðurkot og Háibjalli. Í sameiginlegu rými skólans er matsalur, íþróttasalur, listaskáli og starfsmannaaðstaða.

Heildarrými skólans er 619 fermetrar og leikrými 267 fermetrar. Í reglugerðum og lögum um leikskóla er kveðið á um fjölda barna í leikskólum og hvað stjórnar honum.

Í reglugerð um starfsumhverfi 655/2009 segir m.a.

„Leikskólastjóri, að höfðu samráði við sveitarstjórn eða nefnd sveitarfélags sem fer með málefni leikskóla í sveitarfélaginu, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og starfsfólk leikskóla, tekur ákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni. Ákvörðun um fjölda barna og skipulag skólastarfs skal taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðipjónustu.

Til að ná markmiðum laga um leikskóla og aðalnámskrár skal þess gætt að nægilegt rými sé fyrir hvert barn á hverri deild þar sem meginhluti umönnunar, náms og uppeldis fer fram. Huga ber sérstaklega að því að börn með sérþarfir geti eftir atvikum þurft aukið rými svo sem vegna nauðsynlegra stöðtækja.“

1.2 VIÐHALD

Um viðhald í leikskólanum sér húsvörður leikskólans og Stóru-Vogaskóla. Vinnutilhögun er þannig háttað að starfsmenn leikskólans skrá allt nauðsynlegt viðhald á þar til gert eyðublað og húsvörður á að koma einu sinni til tvisvar í viku og vinna verkin jafnóðum. Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs fær afrit af verkefnalista og ber ábyrgð á að viðhaldi sé sinnt. Hann setur stærri verkefni á fjárhagsáætlun í samráði við skólastjórnendur.

Stærri verk sem unnin voru á árinu:

Klárað var að skipta um undirlag á skólalóðinni.

Laus skólastofa var standsett fyrir opnun. Enn er þó eftir að laga ýmislegt sem upp hefur komið.

Smíðað útielldhús á leikskólalóð fyrir börnin að leika í.

Beð voru hreinsuð og gras slegið.

Skipt var um sand í sandkassa.

Í maí 2023 fór að bera á leka á ný en ekki hefur verið komist fyrir hann.

2. SKÓLASTARFIÐ

2.1 STARFSÁÆTLUN

Á hverju hausti er gefin út starfsáætlun fyrir skólaárið. Í áætluninni gefur að líta stefnukort leikskólans og megin áherslur skólaársins. Auk þess inniheldur starfsáætlunin verkefnaáætlun, mælikvarða og viðmið, umbótaáætlun, yfirlit yfir þróunar- og nýbreytnistörf, símenntunaráætlun, rýmingaráætlun og viðbragðáætlun ef slys verða á börnum. Þar má einnig finna áætlun um samstarf við Stóru-Vogaskóla og skóladagatal. Starfsáætlunin var birt á heimasíðu leikskólans. Á haustmánuðum 2023 var unnin fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 sem byggð var á áherslum starfsáætlunar.

2.2 SÉRSTAKAR ÁHERSLUR, ÞRÓUNAR- OG NÝBREYTNISTÖRF

Í leikskólanum er starfað eftir Viðmiðum Heilsustefnunnar með það að markmiði að auka gleði og vellíðan barna með áherslu á hreyfingu, holla næringu og listsköpun í leik og starfi. Hugmyndafræðin er sú að ef barn fær holla næringu og hæfilega hreyfingu, þá sprettur fram þörf fyrir að skapa. Einkunnarorð Suðurvalla eru: Heilbrigð sál í hraustum líkama.

Helstu þróunar og nýbreytnistörf á árinu 2024 voru:

- Að uppfæra læsisstefnu leikskólans og auðga læsishvetjandi umhverfi
- Að innleiða vináttuverkefni Barnheilla með bangsanum Blæ
- Að halda áfram með grænfána innleiðingu
- Að uppfæra 7., 8., 9., og 10. Kafla í skólanámskrá

2.3 HÁTÍÐIR OG HEFÐIR

- Þorablót Suðurvalla var haldið miðvikudaginn 26. janúar. Eldri borgarar í Vogum voru boðnir í heimsókn. Kór leikskólans söng nokkur lög fyrir gestina og svo var borðaður þorramatur að íslenskum sið.
- Þöbbum og öfum var boðið sérstaklega í heimsókn þann 17. janúar. Boðið var upp á skemmtilegar stöðvar þar sem börnin og afar/pabbar komu og unnu skemmtileg verkefni s.s. leir, kubbar, ljósaborð og fleira.
- Þann 6. febrúar var dagur leikskólans, en þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Dagurinn var haldinn hátíðlegur í sautjanda sinn. Þennan dag voru settar upp stöðvar í íþróttasal og listaskála þar sem börnin gátu farið á milli og unnið hin ýmsu verkefni.
- Mömmur og ömmur komu svo í heimsókn fimmtudaginn 16. febrúar og var sá dagur með sama sniði og pabba og afa dagurinn.
- 12. febrúar var Bolludagur. Þann dag var boðið upp á fiskibollur í hádegismat og rjómabollur í síðdegishressingu.
- 13. febrúar var svo komið að Sprengidegi þar sem allir borðuðu sig sadda af saltkjöti og baunum að íslenskum sið.
- Á Öskudag þann 14. febrúar komu allar deildir saman í alls konar furðufötum inni í sal leikskólans. Þar var kötturinn sleginn úr tunnunni, allir fengu heimagerðan ís og síðan var haldið grímuball.
- 12. apríl var haldinn menningardagur. Á Háabjalla var sett upp heimskort og rætt um hvaðan við komum og hvaða móðurmál við eigum.
- Umferðapema var dagana 11.-14. júní. Markmiðið er að efla þekkingu barnanna á umferðarreglum og færni í að fara eftir þeim. Áhersla var lögð á umferðaröryggi og öryggisbúnað, t.d. umferðarreglur og mikilvægi þess að nota bílbelti/bílstól.
- Hjóladagur var haldinn 13. júní. Börnin í elsta og næst elsta árgangi komu með hjólin sín í leikskólann. Bílplaninu var lokað fyrir bílaumferð frá kl. 10:00 – 12:00. Lögreglan kom og ræddi um örugga hjólanotkun við börnin og þau fengu límmiða á hjólið sitt.
- Hefð er fyrir góðu samstarfi leik- og grunnskólans. 19. febrúar tók Hilmar Egill Sveinbjörnsson, skólastjóri Stóru-Vogaskóla, á móti elstu börnunum og kynnti fyrir þeim starfsemi skólans. Í febrúar og mars fóru elstu börnin í skólaheimsóknir í Stóru-Vogaskóla. Skólaheimsóknir eru ein leið til að brúa bilið milli skólastiganna. Nemendur fyrsta bekkjar Stóru-Vogaskóla

heimsóttu elstu nemendur leikskólans í maí og desember.

- Umhverfisdagur leikskólans var 10. júní. Þann dag eru starfsfólk og börn að gera skólalóðina snyrtilega, setja niður blóm, hreinsa rusl og sópa stéttar.
- Útskriftarferð elstu barna: Elstu börn leikskólans fóru í útskriftarferð þann 24. maí. Farið var með rútu í Þekkingarsetrið í Sandgerði þar sem safnakennari tók á mótí hópnum og sagði frá frakkanum Jean-Baptiste Charcot sem er aðal persónan á sýningunni Heimskautin heilla. Svo fengu börnin að skoða náttúrufræðihluta safnsins og nota ípada til að spila leik sem safnið hefur framleitt. Eftir góða stund í Þekkingarsetrinu ók rútan hópnum á veitingastaðinn Langbest þar sem allir borðuð pitsur og fengu svo ís í desert. Eftir hádegismatinn lá leiðin í Hábjalla sem er svæði skógræktarfélagins. Þar hittum við formann félagsins sem gaf hverju barni trjáplöntu sem þau gróðursettu í leikskólareit í Háabjalla. Eftir gróðursetninguna var leikið í skóginum og borðað nesti. Hópurinn kom svo heim með rúttunni um kl 15:00.
- Þann 31. maí var haldin útskriftarathöfn sem foreldrar útskriftarnemendanna voru viðstaddir. Við athöfnina sungu börnin og svo voru þau útskrifuð með viðhöfn af stjórnendum leikskólans. Að vanda var þetta falleg og hátíðleg stund.
- Sumarhátíð leikskólans var miðvikudaginn 21. júní. Börnin skreyttu lóð leikskólans með veifum og listaverkum, foreldrum var boðið að koma um kl. 13:30 og var þátttaka mjög góð. Foreldrafélagið bauð upp á skemmtilega heimsókn frá Leikfélagi Keflavíkur þar sem ýmsar skemmtilegar persónur sem börnin þekkja vel mættu á svæðið. Að lokum var boðið upp á sólskinsdrykk, ávexti og muffins. Almenn ánægja var með sumarhátíðina og mjög góð mæting foreldra að vanda.
- Þann 5. júní var íþróttadagur hér í leikskólanum. Tekin voru út áhöld til íþróttaiðkunar og einnig var boðið upp á Leikur að læra verkefni á útisvæði.
- Alþjóðlegur dagur læsis var 8. september. Sameinuðu þjóðirnar gerðu þennan dag að alþjóðadegi læsis árið 1965. Á þessum degi er fólk, hvar sem er í heiminum, hvatt til þess að skipuleggja læsis- og lestrarviðburði. Þennan dag eins og aðra var lestri gert hátt undir höfði í leikskólanum.
- 9. október er afmæli leikskólans. Leikskólinn okkar varð 33 ára á þessu ári. Börn og kennarar hittust í sal í tilefni afmælisins og sungu og borðuðu heimagerðan ís.

- Alþjóðlegur bangsadagur er 27. október. Þennan dag bjóða börnin böngsunum sínum með í leikskólann, lesnar eru bangsasögur, sungin bangsalög og dagurinn tileinkaður böngsum.
- Dagur íslenskrar tungu miðvikudagurinn 16. nóvember. Í leikskólanum leggjum við rækt við íslenska tungu og leggjum okkur fram við að vanda mál okkar. Börn læra það sem fyrir þeim er haft og því mikilvægt að foreldrar og kennarar hafi vandað málfar fyrir börnum.
- Jólasöngstund var alla morgna í desember, börn og starfsfólk komu saman í sal leikskólans og sungu nokkur jólalög.
- Miðvikudaginn 4. desember var piparkökubakstur. Þá bökuðu börnin piparkökur sem þau fóru svo með heim og nutu með fjölskyldunni.
- Á aðventunni er hefð fyrir því að elstu börn leikskólans heimsæki Sivertsen-hús í Hafnarfirði. Farið var með hópinn þann 16. desember. Byrjað var að fara og leika í Hellisgerði. Svo var farið í Sívertsen-hús. Safnakennari leiddi börnin gegnum sýninguna sem er áhugaverð og skemmtileg fyrir börn. Einnig kom Ketkrókur í heimsókn og spjallaði við hópinn. Ferðin endaði svo á kaffihúsinu Pallett í Hafnarfirði þar sem börnunum var boðið upp á heitt súkkulaði og piparkökur.
- Litlu jólin voru fimmtudaginn 19. desember. Þann dag var haldið jólaball í sal leikskólans. Jólasveinn kíkti í heimsókn og færði börnunum gjafir frá foreldrafélagi leikskólans. Hátíðarmatur var á borðum en boðið var upp á hangikjöt og meðlæti að íslenskum sið í hádeginu.
- Foreldrafélag leikskólans bauð börnunum upp á leiksýninguna Björt og jólasveinarnir föstudaginn 20. desember. Þann dag var boðið upp á heitt súkkulaði og jólasmaakökur í síðdegishressingu.
- Foreldrum var boðið í morgunverð 10. desember. Þetta er skemmtileg hefð og þátttaka foreldra mjög góð.

2.4 SUMARLEYFI - JÓLALÉYFI

Leikskólinn var lokaður í 5 vikur (24 virka daga), frá 8. júlí til 12. ágúst 2024. Mánudaginn 12. ágúst var skipulagsdagur og börnin mættu að loknu leyfi þann 13. ágúst.

Leikskólinn var lokaður milli jóla- og nýárs og tók starfsfólk þá út hluta af styttingu vinnuvikunnar.

2.5 FUNDIR

Morgunfundir voru alla virka daga kl. 8:20-8:30, þá sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, og deildarstjórar. Á þessum fundum skipuleggja stjórnendur hvar starfsmenn sem sinna afleysingu starfa dag hvern í samræmi við forföll starfsfólks og undirbúnings leikskólakennara. Einnig er þessi tími nýttur til að koma upplýsingum á framfæri. Deildarstjórar skrá allar upplýsingar og dagskipulagið í dagbækur deilda og starfsmenn nálgast þannig upplýsingar er varða deildina.

Stjórnendafundir voru haldnir tvisvar í mánuði frá kl. 9:00-9:45. Á stjórnendafundum eru stærri málefni tekin fyrir sem varða samvinnu milli deilda og skipulag starfsins.

Deildarfundir, deildir funduðu 2 klst. á hverjum skipulagsdegi á árinu. Þessa fundi notar starfsfólk til að skipuleggja starfið, fara yfir barnahópin og stilla saman strengi í starfi deildarinnar.

Sérkennslustjóri, fundaði nokkrum sinnum á árinu með sérkennslustjórum í Suðurnesjabæ. Sérkennslustjóri sat alla teymisfundi sem varða börn með greiningar en þessir fundir eru að jafnaði á sex til átta vikna fresti. Foreldrar og deildarstjóri viðkomandi barns sitja þessa fundi. Ef þurfa þykir er hægt að kalla til kennsluráðgjafa frá skólaþjónustu Suðurnesjabæjar. Sérkennslustjóri nýtur auk þess tülkaþjónustu á teymisfundum sem viðkoma tvítýngdum börnum.

Samráðsfundir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra eru eftir þörfum en þó að lágmarki einu sinni í viku.

Fundir samráðsteymis voru að jafnaði einu sinni í mánuði, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri/sérkennslustjóri sitja þessa fundi. Fundinum er ætlað að fara yfir mánaðarskýrslu sérkennslustjóra. Einnig fundaði teymið eftir þörfum þegar málefnum nemenda var vísað til úrlausnar. Þá sat deildarstjóri þeirrar deildar einnig fundinn.

Forstöðumannafundi situr leikskólastjóri ásamt bæjarstjóra og forstöðumönnum deilda. Fundað var eftir þörfum.

Eldhúsfundir, leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og matráður funduðu mánaðarlega á árinu til þess að samstillu innkaup, fara yfir matseðla og ræða ábendingar sem koma frá starfsmannahópnum.

Starfsmannafundir, einn starfsmannafundur var á árinu. Hann var notaður til að fara yfir matsáætlun leikskólans, kynna niðurstöður úr foreldrakönnun og gera matslista.

Teymisfundir voru nokkrir á árinu. Starfandi teymi árið 2024 voru, matsteymi, næringarteymi, öryggisteymi og samráðsteymi.

Fundir vegna samstarfs leik –og grunnskóla – fundað var tvisvar á árinu. Að vori er fundað vegna skólaskila milli skólastiganna. Þar skilar sérkennslustjóri niðurstöðum úr Hljóm-2 málþroskamati og skýrslum sérfræðinga þar sem þær eru. Að hausti funda kennarar um starf vetrarins og leggja þar línurnar að samstarfinu.

Fundir skólastjórnenda fræðslustjóri fundaði fjórum sinnum á árinu með stjórnendum í leikskólum í Suðurnesjabæ og Vogum. Fundirnir voru haldnir á skrifstofu skólaþjónustunnar í Suðurnesjabæ.

2.6 SKIPULAGSDAGAR

Skipulagsdagar voru sex á árinu. Þessa daga sinnir starfsfólk m.a. símenntun, áætlanagerð og mati á skólastarfi.

- Fyrsti skipulagsdagur ársins var 16. janúar. Farið var yfir viðburði framundan og liðnir viðburðir metnir. Smíðjur voru þar sem starfsmenn kynntu sér verkefni Leikur að læra, tónlist og hreyfingu, pappírsgerð, ullarþæfingu og að vinna með Karnival dýranna. Einnig voru deildarfundir.
- Skipulagsdagur 15. mars var þátttaka í ráðstefnu Samtaka Heilsusleikskóla sem fram fór í Hljómahöll í Reykajnesbæ. Þar hlustaði starfsfólk á erindi frá Hermundi Sigmundssyni um nám ungra barna, erindi Önnu Sofiu Wahlström um listir í leikskólastarfi og að lokum erindi Björgvins Frans Gíslasonar um lífsgleði. Í lok dags var svo aðaðlfundur starfsmannafélags leikskólans.
- Þriðji skipulagsdagurinn var 27.maí. Þar var unnið að mati á skólastarfi, deildarfundir, farið yfir það sem var framundan, skóladagatalið var yfirfarið og unnin umbótaáætlun út frá mati á skólastarfi. Einnig voru deildarfundir.
- 12.ágúst var fjórði skipulagsdagurinn. Þann dag var kynning á nýju starfsfólki, farið yfir það sem var framundan, starfsáætlun var kynnt og yfirfarin. Tinna sagði frá vináttuverkefninu Blæ, sem var verið að hefja innleiðingu á og svo unnu deildir að því að gera þær tilbúnar fyrir komu barnanna daginn eftir.

- Á skipulagsdegi 30.september var farið yfir það sem var framundan, Tinna kynnti vináttuverkefnið Blæ, farið var yfir ýmislegt sem tengist borhaldi og matsal, skemmtinefnd var kosin og farið yfir viðbragðsáætlun almanna. Farið var yfir teymi, Grænfánaverkefnið, Smástund appið, Töfratal instagramssíða talmeinafræðings og námskeið menntafléttu sem heitir íslenskuþorpið í leikskólum. Deildarfundir voru og aðalfundir foreldrafélags og foreldraráðs og í lok dags voru foreldrar boðnir að skoða deildir barna sinna.
- 21.nóvember var helmingur skipulagsdagsins sameiginlegur með Suðurnesjabæ. Þar var boðið upp á fræðsluerindi um útinám. Eftir hádegi var farið yfir það sem er framundan, yfirfarin uppfærð viðbragðsáætlun almanna og deildarfundir.

2.7 MAT Á STARFI LEIKSKÓLANS

Mat er tæki til að draga fram styrkleika í starfi auk þess að koma auga á það sem betur má fara. Sjálfsmat leggur faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og er leið til að vinna markvisst að því að auka gæði skólastarfsins og gera það skilvirkara. Eftirfarandi þættir voru liðir í innra mati leikskólans á árinu.

Mat starfsfólks: tíu þættir matslistans Viðmið og vísbendingar lágu til grundvallar í mati þetta skólaár. Það voru þættirnir Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur, Skipulag náms og námsaðstæður, Uppeldi, menntun og starfshættir, Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna, Námsvið leikskólans, Hlutverk leikskólakennara, Fagmennska starfsfólks, Skipulag og viðfangsefni, Gagnaöflun og vinnubrögð og Opinber birting og umbætur. Einnig var starfsánægja metin í starfsmannasamtölum, starfsfólk gerði gátlista heilsustefnunnar og gátlista um mat á eigin starfsháttum.

Mat foreldra: Viðmót og menning, Velferð og líðan, Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun og Viðhorf foreldra voru könnuð með könnun sem foreldrar svöruðu og einnig var upplýsingum aflað í foreldrasamtölum að vori og hausti.

Skráningar í Heilsubók barnsins: Skráningar fóru fram í febrúar og október 2024. Heilsubók barnsins hefur að geyma útfærð skráningablöð varðandi þroska og ýmsar upplýsingar um barnið. Skráningin gerir kennurum kleift að fylgjast með þroskaframvindu barna og er einnig tæki til að upplýsa foreldra um stöðu þeirra í leikskólanum. Skráð er m.a. heilsufar, hæð og þyngd, næring og sjálfshjálp, lífsleikni, hreyfing og listsköpun og áhugasvið barnanna. Nýir nemendur fá nú Heilsubók á rafrænu formi.

Hljóm-2 próf: Að hausti 2024 voru tekin Hljóm-2 próf á elstu börnum leikskólans. Prófinu er ætlað að kanna hljóðkerfisvitund barnanna. Þau börn sem komu út með slaka færni voru send í athugun hjá talmeinafræðingi auk þess sem unnið var sérstaklega með þá þætti sem komu slakir út á deild barnanna.

TRAS: Er skráning á málþroska barna 2-5 ára. Skráningar eru á sex mánaða fresti og með þeim fá kennarar góða mynd af málþroska barnsins, málnotkun, samskiptum og hlustun. Með því að fylgjast náið með framvindu málþroska er auðveldara að grípa til viðeigandi íhlutunar ef barn þarf á að halda.

EFI-2: Er málþroskamát sem ætlað er að meta málskilning og máltjáningu. Hér í leikskólanum prófum við öll 3,4 ára börn. Markmiðið með þessari skimun er að finna þau börn sem eru með slaka færni í þessum þáttum og setja af stað markvissa þjálfun í samstarfi við foreldra.

2.8 ÁÆTLANIR

Viðbragðsáætlun ef almannavarnir gefa út viðvörðun um hættuástand var uppfærð á árinu.

Árlega er unnin starfsáætlun fyrir komandi skólaár. Í henni eru stefnukort skólans, matsáætlun, áætlun um símenntun starfsmanna, umbótaáætlun út innra mati, samstarfsáætlun leik- og grunnskóla og fleira sem á áætlun er það skólaár. Árið 2024 var unnin starfsáætlun fyrir skólaárið 2024-2025.

3. NEMENDUR

3.1 FJÖLDI BARNNA – ALDUR

Í leikskólanum voru í desember 2024 71 barn. Þau eru fædd á tímabilinu 2019-2023. Skipting milli árganga var eftirfarandi:

- 15 börn fædd 2019
- 16 börn fædd 2020
- 16 börn fædd 2021
- 18 börn fædd 2022
- 6 börn fædd 2023

Kynjahlutfall: Drengir í námi voru 34 og 37 stúlkur.

3.2 SÉRKENNSLA

Við leikskólann starfar sérkennslustjóri. Einn sérkennari var starfandi fram að sumarfríi en á haustönn hafa þeir verið tveir.

Börn sem nutu sérkennslu árið 2024 voru:

Barn fætt	Flokkur	Greiningaraðili	Stöðugildi
2018	Alvarleg málproskaröskun	Talmeinafræðingur	0,1
2018	Alvarleg málproskaröskun	Talmeinafræðingur	0,1
2019	Málproskaröskun	Talmeinafræðingur	0,1
2019	Málproskaröskun og framburðarfrávik	Talmeinafræðingur	0,1
2019	Framburðarfrávik	Talmeinafræðingur	0,1
2019	Einhverfa og ótilgreind þroskaröskun	Rágjafar og greiningarstöð	0,7
2020	Frumgreining á einhverfu	Sálfræðingur	0,7
2019	Framburðarfrávik	Talmeinafræðingur	0,1
2019	Framburðarfrávik	Talmeinafræðingur	0,1
2019	Framburðarfrávik	Talmeinafræðingur	0,1

3.2.1 SAMRÁÐSTEYMI

Samráðsteymi tekur við öllum tilvísunum vegna barna sem þurfa sérstakan stuðning eða aðstoð vegna líkamlegra, félagslegra og/eða sálrænna erfiðleika. Samráðsteymi fjallar einnig um foreldrasamskipti og málefni einstakra deilda er tengjast barnahópum eða starfsmönnum.

Teymið metur þörf fyrir greiningu sérfræðinga (sálfræðinga, talmeinafræðinga, sérkennara) vegna tilfinninga og/eða þroskavanda og samþykkir að gerð verði tilvísun þar sem það á við. Vísar málefnum einstakra barna til frekari úrlausnar innan leikskóla eða í önnur úrræði sem leikskólinn hefur. Vinnur og afgreiðir tilkynningar og aðrar upplýsingar til barnaverndaryfirvalda í samræmi við skyldur vegna barnalaga og barnaverndarlaga.

Í samráðsteymi sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri/sérkennslustjóri og deildarstjóri þeirrar deildar er málið varðar. Fundir eru að lágmarki einu sinni í mánuði og oftár ef þörf er á.

Tölulegar upplýsingar um starfsemi samráðsteymis í leikskólanum er að finna í töflu hér neðar, þar má sjá fjölda mála sem komu til kasta teymis, kynjaskiptingu mála, aldursdreifingu og tegundir mála.

Lykiltölur	2024
Fastur fjöldi starfsmanna í samráðsteymi leikskólans	2
Fjöldi funda í samráðsteymi leikskólans	
Staða leikskólateymismála:	
• Nýtt á árinu	17
• Framhald frá síðasta ári	12
Tilurð Mála:	
• Foreldrar	4
• Starfsfólk skóla	22
• Aðrir	3

Aldur leikskólabarna sem mál tengjast hverju sinni:	
• 1-2 ára	1
• 2-3 ára	6
• 3-4 ára	7
• 4-5 ára	5
• 5-6 ára	10
Tegundir mála:	
• Þroskavandi	2
• Hegðunarvandi	9
• Málþroskavandi	10
• Félagslegir erfiðleikar	
• Barnahópur	
• Einelti	
• Samskiptavandi (foreldrar/starfsmenn)	
• Samskiptavandi (starfsmenn/starfsmenn)	
• Annað	9
Skipting samráðsteymismála eftir kynjum í einstaklingsmálum:	
• Drengir	20
• Stúlkur	9

4. STARFSMENN

4.1 FJÖLDI STARFSMANNA, STÖÐUGILDI OG MENNTUN

Stöðugildi við leikskólann í desember 2024 voru alls 24,21 þar af eru stöðugildi vegna ræstinga og eldhúss 3,47. Stöðugildi við stjórnun og kennslu eru 20,74 og skiptast þannig:


Kennarar í 9,17 stöðugildum sem er 44,2% en samkvæmt lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla 95/2019 eiga að lágmarki 2/3 hluti stöðugilda að vera kennarar. Því lágmarki hefur því miður ekki verið náð.

Háskólamenntaður starfsmaður í 100% starfshlutfalli

Aðrir starfsmenn í 11,57 stöðugildum.

4.2 STARFSALDUR OG BREYTINGAR Í STARFSMANNAHÓPNUM

Starfsaldur er eftirfarandi, sjá graf



Árið 2024 hófu 8 nýjir starfsmenn störf sem eru því ekki komnir með eins árs starfsaldur

Á árinu urðu eftirfarandi breytingar í starfsmannahópnunum:

Starfsmenn sem hættu á árinu

- Leikskólastjóri lét af störfum eftir 26 ára starf við leikskólann.
- Einn sérkennari í 100% starfi lét af störfum.
- Einn háskólamenntaður starfsmaður í 100% starfi á deild lét af störfum vegna flutninga
- Einn starfsmaður á deild í 100% starfi lét af störfum
- Einn starfsmaður á deild í 62,5% starfi lét af störfum
- Einn starfsmaður í afleysingu í 83% starfi hætti vegna annarra atvinnutækifæra.
- Einn deildarstafsmaður í 75% starfi hætti vegna annarra atvinnutækifæra.

Ráðningar á árinu

- Ráðinn var nýr leikskólastjóri, Heiða Hrólfsdóttir
- Einn sérkennari var ráðinn í 100% starf
- Þrír starfsmenn voru ráðnir í 100% starf á deild
- Einn starfsmaður kom til baka eftir fæðingarorlof í 100% starf
- Einn háskólamenntaður starfsmaður var ráðinn í 100% starf á deild.
- Einn starfsmaður var ráðinn í 83% starf í afleysingar
- Einn starfsmaður var ráðinn í 40% starf í eldhúsi og 60% á deild
- Einn leikskólakennari var ráðinn í 80% starf
- Einn grunnskólakennari var ráðinn í 87,5% starf sem sérkennslustjóri
- Einn grunnskólakennari var ráðinn í 100% starf sem deildarstjóri
- Einn starfsmaður var ráðinn í afleysingar í 52% starf

4.3 STARFSMANNASAMTÖL

Starfsmannasamtöl fóru fram í mars. Hópnun var skipt í tvennt og tók leikskólastjóri helming og aðstoðarleikskólastjóri helming. Að þessu sinni var aðal áherslan á líðan starfsmanna, starfsánægju og einnig að kanna hug fólks til áframhaldandi starfa í leikskólanum.

Nýir starfsmenn fóru í viðtal hjá leikskólastjóra við starfsráðningu og aftur að tveimur mánuðum liðnum, en það er liður í móttökuáætlun nýrra starfsmanna

leikskólans. Auk þess fundar deildarstjóri með nýjum starfsmönnum til að fara yfir frammistöðu nýliða og til að veita tækifæri til þess að spyrja spurningar sem varða starfið á deildinni.

4.4 FÁLIÐURNARÁÆTLUN

Grípa þurfti til fáliðunaráætlunar einu sinni í febrúar 2024. Þá voru það mikil veikindi starfsmanna að ekki var hægt að halda úti eðlilegu skólastarfi. Voru börn þá send heim í samræmi við áætlun um fáliðun.

5. FORELDRASAMSTARF

5.1 FORELDRAFUNDIR

21. febrúar var haldinn fundur fyrir foreldra elstu barnanna. Fundurinn er haldinn í samvinnu leik-og grunnskóla og er í Stóru-Voga skóla. Þar fara kennarar elstu barnanna yfir starfið sem framundan er hjá börnunum í leikskólanum og skólastjóri og kennari fara yfir hluti sem tengjast grunnskólabyrjun barnanna. Einnig býðst foreldrum að fá kynningu á skólahúsnæðinu.

Þann 13. ágúst 2024 var haldin kynningarfundur fyrir foreldrar barna sem hófu leikskólagöngu sína haustið 2024. Tilgangur fundarins er að fara yfir gagnlegar upplýsingar, benda á fræðslurit skólans og kynna Heilsustefnuna, Heilsubók barnsins og helstu áherslupætti skólans. Á fundinum var Heiða Ingólfssdóttir verkefnastjóri skólaþjónustu Suðurnesjabæjar og Herdís Hallsdóttir sálfræðingur með foreldrafærnisámskeið fyrir foreldra barna sem eru að hefja leikskólagöngu.

Þann 30. september var foreldrum boðið á foreldrafund síðdegis á skipulagsdegi. Þar voru foreldrafélag og foreldraráð með aðalfundi og foreldrum bauðst að fara á deildir barna sinna til að kynna sér starfið þar. Þetta var nýbreyttni og tilraun til að fá fleiri foreldra til að koma á fund. Foreldrum stóð til boða að koma með börnin í leikskólann á meðan fundi stóð og voru starfsmenn á öllum deildum.

5.2 FORELDRAFÉLAG SUÐURVALLA

Uppákomur foreldrafélagsins á árinu voru eftirfarandi: Atriði frá Leikfélagi Keflavíkur á sumaráttíð, myndataka elstu barnanna og gjöf til útskriftarnema. Farið var í sveitaferð í Miðdal í Kjós í boði foreldrafélagsins sem greiddi aðgangseyri og rútur. Foreldrafélagið gaf jólagjafir til barnanna á jólaskemmtun leikskólans og bauð börnunum upp á leiksýninguna Björt og jólasveinarnir í leikgerð Þórdísar Arnljótsdóttur.

Nokkrir fundir voru á árinu og á aðalfundi félagsins 30.september var kjörin ný stjórn.

Í FORELDRAFÉLAGI LEIKSKÓLANS HAUSTIÐ 2024 SÁTU:

Bríet Sunna Valdemarsdóttir, gjaldkeri

Elísa Fönn Grétarsdóttir, formaður

Petra Ruth Rúnarsdóttir, ritari

Ragnhildur Hanna Finnbogadóttir, fulltrúi leikskólans

5.3 FORELDRARÁÐ

Foreldraráð fundaði tvisvar sinnum 2024.

Á fundi í febrúar var farið yfir starfsreglur ráðsins og þær uppfærðar, skóladagatal lagt fram til kynningar og sagt frá fyrirhugaðri innleiðingu á vináttuverkefninu Blæ.

Á fundi í nóvember var sagt frá hvernig gengur í innleiðingu Blæ verkefnisins, sagt frá að til stæði að fjarlægja gúmmímottur og tyrfa á leikskólalóðinni í sumarlokun 2025. Einnig var farið yfir helstu atriði og áherslur í skólastarfi vetrarins.

Í FORELDRARÁÐI LEIKSKÓLANS HAUSTIÐ 2023 SÁTU:

Tinna Magnúsdóttir, formaður

Petra Ruth Rúnarsdóttir, meðstjórnandi

María Hermannsdóttir leikskólastjóri, fulltrúi leikskólans

Ragnhildur Hanna Finnbogadóttir aðstoðarleikskólastjóri, fulltrúi leikskólans.

Haustið 2024 tók Heiða Hrólfsdóttir nýr leikskólastjóri sæti Maríu Hermannsdóttur

5.4 FORELDRASAMTÖL

Foreldrasamtöl fóru fram tvisvar sinnum á árinu. Farið var yfir Heilsubók barnsins og skráningar á TRAS.

5.5 FORELDRAPÁTTAKA

Á hverju ári hvetjum við foreldra til þess að taka þátt í skólstarfinu með einhverjum hætti. Þátttaka í viðburðum hefur verið mjög góð og gaman að foreldrar sýni starfi skólans áhuga. Sumarhátíð leikskólans er sá viðburður sem best er sóttur og koma jafnvel ömmur og afar líka með.

6. UPPLÝSINGASTREYMI

Heimasíða leikskólans er okkar helsti upplýsingamiðill. Þar er m.a. að finna námskrá leikskólans, starfsáætlanir, skýrslur, fréttir af starfinu o.fl. Einnig nýtum við okkur upplýsingatöflur í fataherbergjum leikskólans til að koma skilaboðum áleiðis til foreldra.

Á árinu sendu skólastjórnendur og deildarstjórar tölvupósta til foreldra með það að markmiði að upplýsa foreldra um ýmislegt og minna á stærri viðburði.

Karellen appið er góð viðbót við samskiptaleiðir við foreldra og er þar hægt að senda fjöldapóst og einstaklingssskilaboð til foreldra eftir því sem við á.

Starfsmannapóstur var útgefinn vikulega þar komu fram helstu upplýsingar um vikuna framundan og tilkynningar um ýmis mál. Skrifað var daglega í dagbækur til að upplýsa starfsfólk um skipulag frá degi til dags. Fundagerðir eru skrifaðar fyrir alla starfsmanna-, deildar og stjórnendafundi og eru aðgengilegar fyrir starfsmenn að lesa.

7. SAMSTARF, RÁÐGJÖF OG FRÆÐSLA

7.1 SAMSTARFSADILAR

- Sveitarfélagið Vogar er með þjónustusamning við Skólþjónustu Suðurnesjabæjar. Þar höfum við aðgang að kennsluráðgjafa, fáum þjónustu talmeinafræðings og sálfræðings og höfum verið í góðri samvinnu við deildarstjóra fræðsluþjónustu.
- Skólastjórnenda fundir hafa verið reglulega svo og sérkennslustjórafundir og fundir um ýmis málefni sem varða skólana sameiginlega.
- Samstarf var við Félagsþjónustu Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga en fulltrúar þaðan hafa setið í teyrum vegna málefna barna með sérþarfir.
- Fundað hefur verið mánaðarlega með tengiliðum Farsældar í leik- og grunnskólum í Suðurnesjabæ og Vogum allt árið. Fundirnir eru haldnir í Vörðunni í Suðurnesjabæ og hefur verið stýrt af teymi innan fjölskyldusviðs sem heldur utan um innleiðingu Farsældarlaganna.

- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja hefur verið í samtarfi við leikskólann vegna skimunartækja þeirra Briegance og PEDS, en með samþykki foreldra fær leikskólinn tilkynningu um hugsanleg frávík hjá börnum.
- Leikskólinn hefur fengið tülka frá ýmsum tülkaþjónustum.
- Opin kerfi sjá um tölvu þjónustu og hýsingu gagna.
- Leikskólinn hefur verið í samstarfi við Stóru-Vogaskóla þar sem unnið er að því að brúa bilið milli skólastiga. Innan þess verkefnis hefur samstarf verið við aðrar stofnanir í sveitarfélaginu s.s. Lestrarfélagið Baldur, íþróttahúsið, frístund, Álfagerði og bæjarskriftstofuna. Á vorönn var framhaldið skemmtilegu samstarfsverkefni milli elstu barna leikskólans og 6. og 7. bekkjar grunnskólans í textíl og smíði.
- Samstarf hefur verið við Skóræktarfélagið Skógfell, en útskriftarhópurinn ár hvert gróðursetur tré í trjálundi leikskólans við Háabjalla. Einnig hefur formaður félagsins komið margar ferðir með plöntur að gjöf til að gróðursetja á lóð leikskólans.
- Brunaeftirlit Suðurnesja sér um brunavarnir og rýmingaræfingar sem fara fram í leikskólanum. Á skóladagatali er rýmingaræfing í samræmi við ráðleggingar brunaeftirlitsins þriðja hvert ár og var ekki haldin árið 2024. Brunaeftirlitið hefur sent fulltrúa í leikskólann með fræðslu fyrir elstu börnin, verkefnið heitir Logi og Glóð.
- Sviðsstjóri umhverfis og skipulagssviðs hefur séð um stærri viðhalds verkefni við leikskólann sem og leikskólalóðina.
- Samstarf við Stóru-Vogaskóla um vinnuskipulag húsvarðar, en húsvörður sinnir minniháttar viðhaldi hjá báðum stofnunum.
- Leikskólinn er meðlimur í Samtökum Heilsuleikskóla og fá leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri boð á aðalfund einu sinni á ári.
- Leikskólinn hefur í mörg ár boðið eldri borgurum í sveitarfélaginu til Þorablóts sem haldið er í janúar og var það með hefðbundnu sniði þetta árið.
- Leikskólinn hefur verið í samstarfi við lögregluna á Suðurnesjum, en hún hefur komið til okkar með fræðslu í tengslum við umferðaviku að vori. Vegna anna hjá lögreglunni komu þeir ekki að þessu sinni. Umferðaskólinn Ungir vegfarendur hefur sett upp efni á vefsvæði ætlað til umferðafræðslu elstu barnanna og var það notað í júní.

7.2 SÍMENNTUN

Á árinu hefur símenntun verið háttað með eftirfarandi hætti:

- Allir starfsmenn tóku þátt í smiðjum á skipulagsdegi í janúar
- Allir starfsmenn hlustuðu á erindi Hermundar Sigmundssonar um nám ungra barna, erindi Önnu Sofiu Wahlström um listir í leikskólastarfi og erindi Björgvins Frans Gíslasonar um lífsgleði á ráðstefnu Samtaka Heilsuleikskóla.
- Allir starfsmenn hlustuðu á fræðsluerindi um útinám á sameiginlegum skipulagsdegi í Suðurnelsjabæ.
- Einn kennari fór á Bett sýninguna í London
- Einn deildarstjóri fór á réttindanámskeið Efi-2 málproskaskimunar
- Nýjir starfsmenn sátu vefnámskeið BOFS um kynferðisofbeldi gegn börnum
- Aðstoðarleikskólastjóri fór á kennaranámskeið í Feneyjum
- Sérkennslustjóri fór á námseið um AEPS listann
- Sérkennslustjóri fór á réttindanámskeið í Íslenska þroskalistanum
- Sérkennslustjóri fór á læsisráðstefnu á Akureyri
- Leikskólastjóri fór á Námsstefnu FSL
- Sérkennslustjóri fór á námskeið um hlutverk sérkennslustjóra
- Sérkennslustjóri fór á námskeið um fjölbreyttar tjáningaleiðir barna
- Sérkennslustjóri fór á ráðstefnu um TRAS
- Sérkennslustjóri fór á íhlutunarnámskeið vegna atferlis
- Þrír starfsmenn tóku þátt í Íslenskuborpinu, námsskeiðs hjá Menntafléttu

7.3 NEMAR OG AÐRAR HEIMSÓKNIR

Einn kennari stundaði nám á meistarastigi við kennaradeild HA á vorönn og útskrifaðist í júní.

Einn starfsmaður stundar nám í leikskólakennara við Háskóla Ísland.

8. AÐ LOKUM

Í þessari samantekt hefur verið farið yfir helstu verkefni í leikskólanum á síðasta ári. Eins og sést eru þau margvísleg og alltaf fjölgar þeim ár frá ári. Stærsti þátturinn í góðu skólastarfi er þó alltaf sá mannauður sem í leikskólasamfélaginu býr. Starfsfólk sem sinnir sínu starfi með börnunum af alúð og umhyggju er ómetanlegt og er alls ekki sjálfsgt. Þeir eiga miklar þakkir skildar fyrir faglegt starf oft á miklum álagstímum.

Ragnhildur Hanna Finnbogadóttir tók saman ársskýrslu 2024.

Vogum, janúar 2025.

Heiða Hrólfsdóttir, leikskólastjóri

Ragnhildur Hanna Finnbogadóttir,
aðstoðarleikskólastjóri